

**Ávarp rektors á málþingi til heiðurs Önnu Agnarsdóttur sjötugri, haldið í Hátíðasal í Aðalbyggingu, laugardaginn 13. maí 2017 kl. 14.00-17.00.**

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, fyrrverandi forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, Anna Agnarsdóttir, prófessor, kæra samstarfsfólk, góðir gestir.

Það er mér heiður og umfram allt ánægja að mega segja fáein orð á þessu málþingi sem haldið er til heiðurs Önnu Agnarsdóttur.

Ég verð að játa að þegar ég frétti að til stæði að halda þetta málþing voru mín fyrstu viðbrögð undrun: Getur það verið að Anna sé (eða réttara sagt: verði á morgun) sjötug – jafn ungleg og orkumikil hún er? Þetta kom á óvart.

Ég heyrði fyrst um Önnu Agnarsdóttur þegar ég var nemandi í Háskólanum. Anna var þá að byrja að kenna í sagnfræði og létu nemendur einstaklega vel af kennslu hennar. Hún hefur reyndur alltaf verið mjög vinsæll kennari.

Ég man ekki nákvæmlega hvenær leiðir okkar Önnu lágu fyrst saman, en þegar ég kom til starfa við Háskóla Íslands snemma á tíunda áratug síðustu aldar var Anna þar fyrir. Maður tók strax eftir Önnu því hún skar sig úr fjöldanum. Hún var (og er) glæsileg, þorði (og þorir) að vera hún sjálf og hún var (og er) frumleg og fór (og fer) nýjar og ótroðnar slóðir.

Ferill Önnu Agnarsdóttur við Háskóla Íslands hefur sannarlega verið langur og glæstur. Hún hefur verið ötull og afkastamikill kennari og fræðimaður,

einkum á sviði utanríkissögu og verslunarsögu Íslands, Íslands- og mannkynssögu tímabilsins 1500-1830 og sagnfræðilegrar aðferðarfræði. Hún hefur verið afar virk í rannsóknum og hefur ritað fjölda fræðigreina og bóka á sviði sagnfræði, bæði hérlendis og erlendis. Nýjasta stórvirki Önnu er bókin *Sir Joseph Banks, Iceland and the North Atlantic 1772-1820: Journals, Letters and Documents*, sem kom út árið 2016 og geymir fágætt safn frumheimilda um breska náttúrufræðinginn Sir Joseph Banks. Fyrir skömmu bárust þau ánægjulegu tíðindi að bókin hafi verið mestselda bókin í sagnfræði hjá Routledge-forlaginu á síðasta ári. Til hamingju með þetta, Anna.

Ég ætla ekki að freista þess að rekja hér fræðistörf Önnu í einstökum atriðum, enda munu aðrir frummælendur ugglaust gera þeim ítarleg skil hér á eftir.

Anna hefur ekki aðeins verið trú fræðigrein sinni og sinnt starfsskyldum sínum sem kennari og rannsakandi af kostgæfni heldur hefur hún einnig verið einlægur hollvinur Háskóla Íslands og ævinlega reiðubúin að leggja háskólanum sínum gott til af örlæti og óeigingirni. Til marks um þetta má nefna að Anna gegndi ábyrgðarmiklu starfi deildarforseta heimspekideildar (undanfara núverandi Hugvísindasviðs) á árunum 2002 til 2004. Reyndist hún farsæll og röggssamur stjórnandi sem hafði gott lag á að fá fólk í lið með sér til góðra verka. Þá sat Anna í háskólaráði sem kjörinn fulltrúi háskólasamfélagsins á árunum 2008-2012, var fulltrúi á háskólaþingi og námsbrautarformaður. Eru þá ónefnd margvísleg önnur trúnaðarstörf innan og utan háskólans, ekki síst á vettvangi Sögufélagsins sem hún veitti forstöðu 2005-2011, áður en annar forseti, sem einnig er

hér með okkur í dag og átti síðar eftir að verða forseti lýðveldisins, tók við af henni.

Anna hefur verið frumkvöðull innan fræðigreinar sinnar og hún er fyrsta konan til að gegna starfi prófessors í sagnfræði á Íslandi. Með því hefur hún rutt brautina innan greinarinnar og verið mikilvæg og lýsandi fyrirmynd. Það er mikils virði.

Kæra Anna. Ég get ekki lokið máli mínu án þess að geta þess sem skiptir ekki minnstu máli og það er hvað þú ert ávallt glöð og skemmtileg. Það er aldrei lognmolla í kringum þig, þú ert hreinskiptin og hlátur þinn er smitandi. Ég minnst margra gleðilegra samverustunda og er þakklátur fyrir þær.

Fyrir hönd Háskóla Íslands þakka ég þér hjartanlega fyrir farsæl störf þín í þágu skólans og ég óska þér innilega til hamingju með daginn í dag og daginn á morgun og óska þér alls hins besta í framtíðinni.